

**Kennari:**  
Líf Anna Nielsen  
Sindri Þór Guðmundsson

**Kennslufyrirkomulag:**  
Kennsla inn í bekk, sjálfstæð- og hópavinna,  
vettvangsferðir

**Tímafjöldi:**  
2 kennlustundir

**Bekkur:**  
4. bekkur

## Listir, sköpun og áhugasviðsverkefni

Allir nemendur hafa hæfileika til að skapa. Í listum og sköpun fá nemendur tækifæri og svigrúm til að þroska með sér þann hæfileika ásamt því að vinna að áhugasviði sínu og tengja við áhugasvið annara. Þannig ná nemendur að þroskast í samvinnu við aðra, efla sjálfstæði sitt og kynnast eigin hæfileikum.

Í listum og sköpun er ýmis konar læsi, á menningu, umhverfið, samskipti og fleira. Nemendur kynnast fjölbreyttum leiðum til þekkingaleitar og vinnuaðferða sem nýtist þeim til að efla hæfni sína til að takast á við fjölbreytileika nútímasamfélags. Samvinna er lykilatriði en áhersla er á að einstakir nemendur geti kannað þætti sem vekja áhuga á eigin spýtur þar sem viðfangsefni þeirra verði að lokum hluti af viðfangsefni hópsins.

## Listir, sköpun og áhugasviðsverkefni

| Námsþættir:             | Námsefni:  | Hæfniviðmið:<br><i>Að nemandi:</i>   | Leiðir:   |
|-------------------------|--|--|---|
| Kveikja að viðfangsefni | Námsefni er fjölbreytt og fer eftir hvaða áhugasvið nemandi velur sér í samvinnu við aðra nemendur og kennara. | – læri aðferðir til að vinna sjálfstætt<br>– nái að tengja áhugasvið sitt við námið<br>– geti unnið út frá eigin styrkleikum | Hugarkort<br>Sýnikennsla<br>Verkefnavinna<br>Hópavinna<br>Samræður milli nemenda og/eða kennara |
| Tjáning og hlustun      |  |  |   |
| Upplýsingaöflun         |  |  |   |
| Hópavinna               |  |  |   |
| <b>Námsmat:</b>         | Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.                                     |  |   |

## Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnað þjálfunar:** ef nemandi þarfnað frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemendi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

|  |                   |
|--|-------------------|
|  | Framúrskarandi    |
|  | Hæfni náð         |
|  | Á góðri leið      |
|  | Þarfnað þjálfunar |
|  | Lokið             |
|  | Ólokið            |
|  | Undanþága         |